

## Ályktun stjórnar Sjálfstæðra Evrópumanna 18. júní 2010

Stjórn Sjálfstæðra Evrópumanna lýsir ánægu sinni með að leiðtogafundur Evrópusambandsins hefur samþykkt að taka upp formlegar aðildarviðræður við Ísland. Næsta skref af Íslands hálfu er að undirbúa samningsmarkmið þar sem hagsmuna Íslands verður gætt til hins ýtrasta.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur alltaf verið í fararbroddi í baráttunni fyrir frjálsum viðskiptum milli ríkja og foringjar flokksins lagt grunn að þeirri stefnu þjóðarinnar að eiga náð samstarf við vestrænar vinþjóðir. Það hefur verið gæfa þjóðarinnar að eiga á örlagastundum foringja sem óhræddir leiddu íslensku þjóðina til alþjóðasamstarfs sem jafningja annarra þjóða.

Þegar efnahaglegir erfiðleikar þjaka heimsbyggðina kennir sagan okkur að hættan á sundrunu þjóða á milli er meiri en elli. Þá skiptir miklu máli að til sé bandalag sem hefur afl og vilja til þess að standa vörð um frelsi, mannréttindi, jafnrétti, frið og efnahagslegan stöðugleika. Ísland hefur ætíð skipað sér í sveit með þeim þjóðum sem styðja þessar grundvallarhugsjónir.

Á næstu mánuðum er mikilvægt að allir Íslendingar sameinist um að styðja samninganefnd Íslands til þess að ná sem allra bestum árangri. Þar reynir á foringja ábyrgra stjórn mála flokka sem hafa ætíð gætt þess að Ísland einangrist ekki, en taki virkan þátt í að skapa farsælt umhverfi fyrir komandi kynslóðir. Sjálfstæðisflokkurinn ber þar mesta ábyrgð, en hann leiddi þjóðina inn í NATO, EFTA og Evrópska efnahagssvæðið. Sagan sannar að allt voru þetta gæfuspor fyrir þjóðina.

Þeir sem staðið hafa á móti inngöngu Íslands í þessi alþjóðasamtök hafa ætíð beitt hræðsluáróðri sem átti ekki við rök að styðjast, til dæmis um að landið tapaði sjálfstæði. Þvert á móti hefur þátttaka Íslands tryggt að rödd okkar hefur heyrst á alþjóðavettvangi. Andstæðingar þess að stíga þessi spor á sínum tíma njóta virðingar í samræmi við dóm sögunnar.

Í viðræðunum sem hafnar verða á næstu mánuðum er mikilvægt að haldið verði vel á málum varðandi sjávarútvegsstefnuna, en ef Íslendingar ganga í Evrópusambandið verða þeir langstærsta útvegsþjóðin í sambandinu og leiðandi á því sviði. Jafnframt er mikilvægt þegar landbúnaðarstefnan er rædd að tekið verði mið af Doha-viðræðum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, en Íslendingar eru bundnir af þeim niðurstöðum þegar þær liggja fyrir.

Það er ánægjulegt að nú skuli þetta skref tekið í átt að því að Íslendingar geti orðið fullgildir þátttakendur í samstarfi tæplega þrjátíu fullvalda þjóða og verði þannig í framtíðinni þjóð meðal þjóða.